



Útgefandi: Ríkislögreglustjórinn

www.rls.is

www.logreglan.is

www.almannavarnir.is

Umsjón og umbrot: Katrín Salima Dögg Ólafsdóttir, félagsfræðingur

Yfirmenn sviða hjá ríkislögreglustjóra tóku saman efni, hver um sitt svið

Hönnun forsiðu: Grafika ehf.

Ljósmyndir: Foto.is sf. Júlíus Sigurjónsson o.fl.

Prentvinnsla: Svansprent ehf.

Útgefið: Ágúst 2012



Ríkislögreglustjórinn
Ársskýrsla 2011

Rekstur og starfsemi



Efnisyfirlit

Formáli.....	7
Skipulag og rekstur lögreglunnar.....	8
Skipulag lögreglunnar.....	8
Yfirstjórn.....	8
Starfsmenn lögreglunnar.....	9
Starfsmenn lögreglunnar, <i>greindir eftir kyni</i>	10
Ríkislögreglustjóri.....	13
Hlutverk.....	13
Skipulag og yfirstjórn embættisins.....	13
Rekstrarsvið.....	14
Rekstrarsvið.....	14
Bílamíðstöð.....	14
Upplýsingatæknideild.....	16
Persónuupplýsingar.....	20
Löggæsla og öryggi.....	21
Almannavarnadeild.....	21
Alþjóðadeild.....	28
Fjarskiptamiðstöð.....	29
Greiningardeild.....	30
Sérsvait.....	31
Öryggismál.....	32
Stjórnsýslusvið.....	34
Afbrotatölfræði.....	34
Starfsmannamál.....	34
Polendakönnun.....	36
Úttektir, rannsóknir, forvarnir og samstarf.....	37
Kennslanefnd og lögreglukerfið.....	38
Fíkniefna- og sprengjuleitarhundar.....	39
Umferðarlöggæsla.....	40
Skatta- og efnahagsbrotadeild.....	42



Formáli

Frá árinu 2008 hefur rekstur embættis ríkislögreglustjóra einkennst af niðurskurði og endurskipulagningu starfseminnar. Samanlagður samdráttur rekstrarfjár á árunum 2008 til 2012 nemur um 30%. Í reynd er lækkun rekstrarfjár mun meiri en prósentutölur fjárlaga gefa til kynna, einkum vegna hás hlutfalls rekstrar sem háður er verðlagi og gengi íslensku krónunnar. Þá hefur þurft að mæta ófyrirséðum útgjöldum sem hafa ekki fengist bætt úr ríkissjóði. Rekstrarvandi annarra löggæslustofnana hefur einnig haft áhrif á rekstur embættisins, einkum sameiginlegan rekstur, eins og ökutækja- og tölvurekstur.

Slíkt langvarandi slæmt árferði í rekstri hefur áhrif á starfsfólk. Eitt meginmarkmið mitt hefur verið að vernda störf og kjör starfsfólks eftir mætti. Sérstök áhersla hefur verið lögð á innviði embættisins og reynt hefur verið að styðja starfsfólkið með ýmsu móti. Þótt starfsfólki hafi fækkað frá árinu 2008 um 15% hefur verið komist hjá því að segja fólk upp störfum. Þess í stað hefur verið ráðist í endurskipulagningu og tilfærslu verkefna og ekki verið ráðið í lausar stöður yfirmanna þannig að þeim hefur fækkað talsvert. Enn reynist óhjákvæmilegt að halda áfram á braut hagræðingar en hagar starfsfólks verður hafður að leiðarljósi og áhersla lögð á að þetta frekar starfsemi embættisins bæði inn á við og út á við.


Fyrir Alþingi liggur frumvarp Ögmundar Jónassonar innanríkisráðherra til lögreglulaga þar sem gert er ráð fyrir aðskilnaði lögreglu og sýslumanna og fækkun og stækkun lögregluembætta. Með frumvarpinu er horfið frá áttakahugmynd sem sett var fram á árinu 2009 um að færa lögregluna undir einn lögreglustjóra yfir Íslandi.

Með frumvarpi innanríkisráðherra gefast tækifæri til að efla lögregluna og nýta vel fjárveitingar. Tímabært er að ljúka endurskipulagningu lögreglunnar sem hófst fyrir 15 árum með lögreglulögunum frá 1. júlí 1997 á þann veg sem frumvarp innanríkisráðherra gerir ráð fyrir.

Júlí 2012
Haraldur Johannessen
ríkislögreglustjóri

Skipulag og rekstur lögreglunnar

Skipulag lögreglunnar



Yfirstjórn

Samkvæmt 4. gr. lögreglulaga fer ríkislögreglustjóri með málefni lögreglunnar í umboði innanríkisráðherra, sem er æðsti yfirmaður hennar. Aðsetur ríkislögreglustjóra er á Skúlagötu 21 og í Skógarhlíð 14 í Reykjavík.

Lögreglustjórar fara með stjórn lögregluliðs, hver í sínu umdæmi, og eru umdæmin 15. Þeir annast daglega stjórn og rekstur og bera ábyrgð á framkvæmd lögreglustarfa innan umdæmisins, sbr. 3. mgr. 6. gr. lögreglulaga. Auk þess eru þeim falin ýmis önnur verkefni í lögum, svo sem yfirstjórn leitar- og björgunarmála á landi, sbr. 4. mgr. 6. gr. lögreglulaga. Innanríkisráðherra er jafnframt æðsti yfirmaður almannavarna og annast ríkislögreglustjóri málefni almannavarna í umboði hans, sbr. lög um almannavarnir nr. 82/2008.

Starfsmenn lögreglunnar

Alls voru 652 lögreglumenn (sem lokið hafa prófi frá Lögregluskóla ríkisins og afleysingamenn) starfandi þann 1. febrúar 2011. Þar við bætast 64 héraðs-lögreglumenn en engir lögreglunemar voru við nám í Lögregluskólanum í byrjun árs 2011. Lögreglumönnum hefur fækkað frá árinu áður en 729 lögreglumenn voru starfandi á árinu 2010 en auk þeirra störfuðu þá 68 héraðslögreglumenn.

Tafla 1. Fjöldi lögreglumanna 1. febrúar árið 2011 eftir starfsstigum

Umdæmi/embætti	Yfirlögregluþjónn	Aðstoðaryfirlögregluþjónn	Aðalvarðstjóri / Lögreglufluttrúi	Varðstjóri / Rannsóknarlögreglum.	Aðstoðarvarðstjóri	Lögreglumaður	Afleysingamaður	Samtals starfandi lögreglumenn	Héraðslögreglumaður	Lögreglunemi	Alls
Akranes	1		1	4		3		9			9
Akureyri	1		2	12	1	14	1	31	3		34
Blönduós	1			2		3		6	7		13
Borgarnes	1		1	4		4		10	7		17
Eskifjörður	1		2	3		8		14	12		26
Húsavík	1			3		4		8	4		12
Hvolsvöllur	1			2		5		8	3		11
Höfuðborgarsvæðið	4	11	33	150		112		310			310
Lögregluskólinn	2		6					8			8
Ríkislögreglustjórinn	3	10	25	22		25		85			85
Sauðárkrúkur	1			3		4		8	5		13
Selfoss	1	1	1	9		15		27			27
Seyðisfjörður	1		1	2	1	2		7	8		15
Snæfellsnes	1			2		5		8	6		14
Suðurnes	1	6	15	29	1	33		85			85
Vestfirðir	1	1	3	5		6	2	18	9		27
Vestmannaeyjar	1		1	4		2	2	10			10
Samtals	23	29	91	256	3	245	5	652	64	0	716


Starfsmenn lögreglunnar, greindir eftir kyni

Meirihluti starfsmanna lögreglunnar (lögreglumenn og héraðslögreglumenn) eru karlar, eða 88%. Í töflu 2 má sjá hlutfall lögreglumanna, greint eftir kyni og starfsstigum. Á meðal starfandi óbreyttra lögreglumanna eru um 85% karlar en tæp 15% konur. Hæst er hlutfall kvenna meðal afleysingamanna (20%) og næsthæst meðal rannsóknarlögreglumanna, eða tæp 18% og um 82% eru því karlar. Engin kona gegnir stöðu yfirlögregluþjóns eða aðstoðarvarðstjóra.

	Karl	Kona	Samtals	Hlutfall karla	Hlutfall kvenna
Aðalvarðstjóri	34	1	35	97,1	2,9
Aðstoðarvarðstjóri	3	0	3	100,0	0,0
Aðstoðaryfirlögregluþjónn	28	1	29	96,6	3,4
Afleysingamaður	4	1	5	80,0	20,0
Héraðslögreglumaður	55	9	64	85,9	14,3
Lögreglufulltrúi	48	8	56	85,7	14,3
Lögreglumaður	209	36	245	85,3	14,7
Rannsóknarlögreglumaður	93	20	113	82,3	17,7
Varðstjóri	135	8	143	94,4	5,6
Yfirlögregluþjónn	23	0	23	100,0	0,0
Samtals	632	84	716	88,3	11,7

Samtals unnu lögreglumenn 673 ársverk á árinu 2011. Borið saman við árið á undan nemur þetta tæplega 2% fjölgun ársverka. Ef litið er hins vegar til ársins 2009 hefur ársverkum fækkað um rúm 3%.

Með fjölda mánaðarlauna/dagvinnulauna í hverjum mánuði, þar með töldum launum vegna afleysinga, veikinda, lausnar frá starfi og orlofs, launum þegar viðkomandi hættir störfum og fleira, fæst yfirlit yfir ársverk í dagvinnu. Með fjölda ársverka er átt við summu þessara verka og deilt er í hana með 12 mánuðum miðað við hvert ár. Lögreglumönnum fjölgar víða að sumrinu vegna þeirra sem eru í orlofi eða þegar starfsfólki er fjölgað til að mæta auknu álagi.



Mynd 1. Samanburður á ársverkum lögreglumanna 2009-2011.




Ríkislögreglustjóri

Hlutverk

Hlutverk ríkislögreglustjóra er skilgreint í 5. gr. lögreglulaga nr. 90/1996. Meginhlutverk embættisins er að leiða lögregluna í landinu og standa vörð um öryggi borgaranna. Ríkislögreglustjóri fer með daglega yfirstjórn lögreglu og almannavarna, í umboði innanríkisráðherra.

Skipulag og yfirstjórn embættisins



Þrjár meginstoðir eru hjá embætti ríkislögreglustjóra: löggæslu- og öryggissvið, stjórnsýslusvið og rekstrarsvið. Undir löggæslu- og öryggissvið embættisins falla alþjóðadeild, sérsveit, greiningardeild, almannavarnadeild og fjarskiptamiðstöð. Undir stjórnsýslusvið falla starfsmannamál, samræming og innra eftirlit, forvarnir og fjölmiðlasamskipti, tölfræði, útgáfumál og þróunarverkefni, tæknimál, rannsóknir efnahagsbrota og lögfræðileg málefni. Undir rekstrarsvið falla fjármál og rekstur, einkennisföt og búnaðarmál, rekstur bílamiðstöðvar, upplýsinga-tæknimál og skrifstofuhald.

Rekstrarsvið

Rekstrarsvið

Í árslok 2011 störfuðu 107 starfsmenn hjá embættinu en starfsmönnum fækkaði vegna flutnings efnahagsbrotadeildar til sérstaks saksóknara 1. september 2011. Heildarrekstrarkostnaður ríkislögreglustjóra var rúmlega 1,5 milljarðar króna á árinu 2011.

Tafla 3. Útgjaldaþróun ríkislögreglustjóra árin 2007-2011 í milljónum króna

Gjaldaliðir	2007	2008	2009	2010	2011
Laun	934.793	987.858	956.326	983.496	1.033.640
Ferðir og fundir	52.459	49.807	34.098	24.570	37.070
Rekstrarvörur	40.213	42.097	54.294	35.333	37.007
Aðkeypt þjónusta	151.743	223.070	202.179	212.449	236.346
Húsnæði	78.962	85.543	103.235	95.571	99.873
Bifreiðar og vélar	38.842	41.558	46.862	52.320	54.075
Vextir, bætur, skattar	801	1.123	640	3.069	2.158
Eignakaup	25.990	18.282	31.815	23.300	43.901
Tilfærslur	9.718	10.326	9.745	122	531
Rekstrarkostnaður alls	1.333.521	1.459.664	1.439.194	1.430.230	1.544.601
Sértekjur alls	-72.277	-129.582	-124.830	-111.206	-222.780
Markaðar tekjur	-6.454				
Gjöld umfram sértekjur	1.254.790	1.330.082	1.314.364	1.319.024	1.321.821


Bílamiðstöð

Ríkislögreglustjóri starfrækir bílamiðstöð í Skógarhlíð 14 og er henni ætlað að vera stoðdeild við lögregluembættin í landinu. Verkefni hennar eru m.a. eftirfarandi:

Daglegt þjónustuviðhald ökutækja og búnaðar sem felur í sér:

- almenn þrif og forvarnaskoðanir,
- að uppfylla öryggiskröfur sem gerðar eru til ökutækja, búnaðar og lögreglugagna,
- ákvarðanir um viðgerðir á ökutækjum og búnaði,
- sérstakt eftirlit með kostnaði, meðferð og notkun ökutækja,
- að vera ráðgefandi um sölu, tilfærslur og endurnýjun ökutækja,
- að skipuleggja standsetningu nýrra ökutækja og sölumeðferð,
- að halda utan um bílaleigubíla í sérverkefnum fyrir lögregluembættin,
- aðstöðu og aðstoð við skoðun á meintum brotatækjum fyrir rannsóknardeildir,
- aðstöðu og aðstoð til leitar að meintum fíkniefnum í ökutækjum fyrir tollgæslu og lögreglu,
- önnur tilfallandi sérverkefni.

Markmið bílamiðstöðvarinnar er að nýta sem best það fjármagn sem veitt er til kaupa á ökutækjum og tryggja að lögregluökutæki séu ætíð í fullkomnu ásigkomulagi og uppfylli öryggiskröfur sem gerðar eru til þeirra. Í bílabankanum eru nú alls um 150 ökutæki og hefur þeim fækkað um 15 frá fyrra ári. Á árinu voru keypt 14 ný ökutæki og þau standsett. Einnig keypti bílamiðstöðin bíl úr rekstrarleigu.



Mynd 2. Endurnýjun ökutækja lögreglunnar 2006-2011 (nýkaup).

Við endurnýjun á ökutækjum eiga sér stað ýmsar tilfærslur þar sem bílamiðstöðin færir ökutæki á milli lögregluembættanna þar til óhagkvæmasta tækið hefur verið tekið úr umferð og selt hjá Ríkiskaupum. Það ökutæki er ekki endilega hjá sama lögregluliði og því sem nýkeypta tækið fer til. Með þessum tilfærslum er reynt að nýta þá fjárfestingu sem liggur í ökutækjum lögreglunnar sem allra best.

Eknum kílómetrum hefur fækkað verulega undanfarin ár. Frá árinu 2006 til ársins 2011 hefur akstur lögreglu dregist saman um 31%, eða um tæpa 1.800 þ.km. Þessi samdráttur er einkum tilkominn vegna skertra fjárheimilda. Heildarakstur á árinu 2011 var 3,9 m.km, sem er um 6,7% minni akstur en árið 2010.

Tafla 4. Eknir kílómetrar hjá lögregluembættunum árin 2006-2011

Lögregluembætti	2006	2007	2008	2009	2010	2011	Þróun %
Akranes	136.292	146.031	136.463	93.919	71.400	65.092	-52%
Akureyri	284.475	349.041	315.348	244.042	211.572	210.351	-26%
Blönduós	200.927	190.091	151.909	127.328	105.160	111.073	-45%
Borgarnes	237.954	232.073	225.893	112.196	127.322	108.281	-54%
Eskifjörður	287.957	272.395	248.137	181.311	166.240	161.524	-44%
Húsavík	173.558	152.085	147.660	158.052	113.570	111.234	-36%
Hvolsvöllur	256.770	226.336	226.205	186.747	213.332	176.414	-31%
Höfuðborgarsvæðið	2.028.916	1.995.886	1.815.038	1.652.647	1.539.380	1.383.355	-32%
Lögregluskólinn	8.964	9.763	11.304	9.818	8.853	13.417	50%
Ríkislögreglustjóri	425.840	448.407	410.993	420.117	436.919	412.783	-3%
Sauðárkrókur	78.793	88.457	73.244	61.623	52.067	43.887	-44%
Selfoss	369.989	338.642	328.410	304.324	257.184	254.601	-31%
Seyðisfjörður	157.726	161.103	152.957	142.247	110.131	107.009	-32%
Snæfellsnes	136.292	128.948	129.763	108.047	110.621	108.092	-21%
Suðurnes	611.472	451.422	455.251	470.120	479.996	462.173	-24%
Vestfirðir	248.419	267.802	251.629	194.430	171.279	171.013	-31%
Vestmannaeyjar	69.113	63.379	57.374	54.386	48.395	42.216	-39%
Samtals	5.713.457	5.521.861	5.137.578	4.521.354	4.223.421	3.942.515	-31%

Upplýsingatæknideild

Upplýsingatæknideild ríkislögreglustjóra hefur umsjón með rekstri lokaðs víðnets lögreglunnar og sameiginlegs IP-símkerfis lögreglunnar, auk allra miðlægra kerfa lögreglunnar og dreifingar á hugbúnaði til lögregluembættanna. Í deildinni eru sjö starfsmenn. Upplýsingatæknideildin rekur alls fimm tölvusali. Deildin annast öll tölvukaup fyrir lögregluembættin utan höfuðborgarsvæðisins og uppsetningar á útstöðvum fyrir þau, sem og bilana- og notendapjónustu vegna þeirra. Þá sér deildin um alla notendapjónustu og þróun á sérsníðuðum hugbúnaðarkerfum lögreglunnar. Á neti lögreglunnar eru um 1.100 notendur á 65 starfstöðvum sem nýta sér umsjón og þjónustu deildarinnar. Helstu hugbúnaðarkerfin sem upplýsingatæknideild ríkislögreglustjóra starfrækir eru eftirfarandi:

Lögreglakerfið

Lögreglakerfið er upplýsingakerfi þar sem öll verkefni og mál lögreglunnar eru skráð og þar er unnið með þau. Ríkislögreglustjóri annast kerfisbundna skráningu upplýsinga um lögreglumálefni, sbr. c-lið 2. tölul. 5. gr. lögreglulaga, nr. 90/1996. Í 2. gr. reglugerðar um meðferð persónuupplýsinga hjá lögreglu, nr. 322/2001, er

kveðið á um þær skrár sem ríkislögreglustjóra ber að halda og eru hluti af „lögreglukerfinu“, sem er samheiti fyrir þessar skrár. Árlega eru skráð um 200.000 mál í lögreglukerfið vegna kærðra brota og annarra verkefna lögreglunnar og í málunum eru skráðar upplýsingar um þá einstaklinga og fyrirtæki sem tengjast brotum og verkefnum lögreglunnar. Ástæða skráningar getur verið af margvíslegum toga, t.d. eru vitni skráð, sem og tilkynnendur, farþegar í umferðaróhappi, tjónþolar, kærændur, kærðir o.s.frv.

Ökuskírteinaskrá

Ökuskírteinaskrá er upplýsingakerfi þar sem allar upplýsingar um veitt ökuréttindi eru skráðar á þeim tíma sem þeirra var aflað, þ.e. upplýsingar um útgefin ökuskírteini. Einnig eru í kerfinu upplýsingar um þau réttindi sem fást með heimild í reglugerð nr. 501/1997, um ökuskírteini, sbr. reglugerð nr. 799/1998 og nr. 327/1999.

Skotvopnaskrá

Skotvopnaskrá er kerfi til að halda utan um öll skráð skotvopn, eigendur þeirra og umráðamenn. Þar er einnig eigendasaga hvers skotvopns skráð.

Leyfisveitingakerfi

Með leyfisveitingakerfinu er haldið utan um öll þau önnur leyfi sem lögreglan veitir, s.s. rekstrar-, veitinga- og gistileyfi. Einnig annast deildin rekstur annarra upplýsingakerfa, skjalastjórnunarkerfa og ýmissa sértækra kerfa, líkt og Codis, sem er kerfi til skráningar og úrvinnslu á lífsýnaupplýsingum. Þá hefur deildin umsjón með rekstri kerfa og tengingar við erlendar löggæslustofnanir, Europol og Interpol, og einnig sambærilega þjónustu vegna tölvukerfa sem til falla vegna NATO-samstarfsins.

Ríkislögreglustjóri sér um rekstur upplýsingakerfa vegna Schengen-samstarfsins. Upplýsingakerfum Schengen má skipta í þrjá meginhluta: Schengen Information System (*SIS*), Supplementary Information Request at National Entry (*SIRENE*) og Visa Inquiry Open Border Network (*VISION*). Enn fremur var gangsett í byrjun október 2011 nýtt sameiginlegt Schengen-kerfi, Visa Information System (*VIS*), sem ríkislögreglustjóri sér um rekstur á. Helsti notandi kerfisins er Útlendingastofnun, auk lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu, Suðurnesjum, Akureyri og Seyðisfirði, sem sjá um útgáfu vegabréfsáritana í umboði Útlendingastofnunar, einkum til sjómanna. Hluti af *VIS*-kerfinu er *VIS-Mail* fasi 1, sem er póstsendingarkerfi, sem yfirvöld áritunarmála hjá þáttökulöndunum geta notað til þess að hafa ákveðin formleg samskipti sín á milli.

SIS

Tilgangur *SIS*-kerfisins er að gera yfirvöldum mögulegt með aðstoð tölvukerfis að hafa aðgang að upplýsingum um fólk og hluti vegna landamæravörslu og annarrar

lög- og tollgæslu, auk aðgangs að upplýsingum sem nýta þarf við útgáfu vegabréfsáritana og dvalarleyfa. Schengen-löndin annast sameiginlega rekstur á þessu kerfi. Um er að ræða upplýsingar um einstaklinga sem yfirvöld vilja hafa uppi á og einstaklinga sem ekki fá að koma inn á Schengen-svæðið, ásamt upplýsingum um hluti sem hugsanlega tengjast afbrotum. Schengen-upplýsingakerfið á að vera aðgengilegt fyrir þá sem annast:

- a) *landamæraeftirlit,*
- b) *annars konar eftirlit lögreglu og tollgæslu innan aðildarríkis,*
- c) *útgáfu á vegabréfsáritunum, dvalarleyfum og öðrum leyfum til útlendinga.*

Undanfarin misseri hefur önnur kynslóð SIS-kerfisins, SIS-II, verið í þróun og prófunum. Ríkislögreglustjóri hefur séð um stjórnun og umsjón þessa. Að undangengnu útboði á sínum tíma hefur Advania séð um þróun hins íslenska hluta kerfisins og auk þess unnið að ýmsum prófunum sem gera hefur þurft gagnvart miðlæga SIS-II-kerfinu. Miðlæga SIS-II-kerfið er vistað í Strassborg í Frakklandi og varakerfi í St. Johann im Pongau í Austurríki. Samkvæmt núgildandi áætlun framkvæmdastjórnar ESB og þátttökulanda SIS-II-kerfisins er gert ráð fyrir gangsetningu SIS-II-kerfisins á fyrri hluta árs 2013.

SIRENE

SIRENE er í raun samandregin lýsing á verklagi sem viðhaft er við sendingu viðbótargagna til notenda sem hafa leitað upplýsinga í SIS-kerfinu og fengið jákvæða svörun. Hvert land hefur sína SIRENE-skrifstofu og fer alþjóðadeild ríkislögreglustjóra með það hlutverk hér á landi. Ný útgáfa, SIRENE-II, sem er samhæfð SIS-II-kerfinu, er í burðarliðnum og fer í gang á sama tíma og SIS-II-kerfið. Advania mun sjá um þróun hins íslenska hluta kerfisins. Þátttökulöndin þurfa að gera töluvert umfangsmiklar prófanir í þessu sambandi 2012-2013. Auk tölvudeildar þarf alþjóðadeild að koma að þeim prófunum.

VISION

Hvert land hefur sína VISION-skrifstofu og er hún tengiliður yfirvalda sem sjá um vegabréfsáritanir og dvalarleyfi við aðrar VISION-skrifstofur. VISION-skrifstofan hefur takmarkaðan leitaraðgang í SIS-kerfinu og mun sjá um skráningar mála vegna 96. greinar Schengen-samkomulagsins. Allar stöðvar sem gefa út vegabréfsáritanir á vegum hvers lands þurfa að hafa aðgang að vissum upplýsingum í SIS-kerfinu. Hér á landi er það Útlendingastofnun sem fer með hlutverk VISION-skrifstofu. Hluti af VIS-kerfinu (sjá um VIS-kerfið hér fyrir neðan) er að innleiða VISION-kerfið í svokallaðan VIS-Mail fasa 2. Áætlað er að það verði gert á árinu 2012 og þarf lögreglan á Íslandi að taka þátt í ýmsum prófunum í tengslum við það.

VIS

VIS er kerfi sem hefur að geyma upplýsingar, þ.m.t. lífkennaupplýsingar, s.s. fingraför og ljósmyndir, sem uppfylla alþjóðlega staðla um lífkenni þau sem gerð er krafa um við vegabréfsáritanir til handa þeim borgurum ríkja utan Schengen-samstarfsins sem vilja koma inn á Schengen-svæðið. Kerfinu er ætlað að staðreyna að viðkomandi hafi áritun inn á svæðið.

Yfirlit yfir helstu greinar Schengen-samningsins

Í töflu 8 er að finna yfirlit yfir upplýsingar sem skráðar eru í SIS-kerfið með tilvísun í greinar Schengen-samningsins þar sem þessar upplýsingar eru skilgreindar ásamt gildistíma skráninga.

Grein	Skýring	Gildis-tími skráninga
95. gr.	Eftirlýstir einstaklingar sem óskað er eftir að verði handteknir og framseldir.	3 ár
96. gr.	Óæskilegir einstaklingar sem ekki fá vegabréfsáritun inn á Schengen-svæðið.	3 ár
97. gr.	Eftirlýstir einstaklingar eða einstaklingar sem þarf að hafa í haldi tímabundið vegna eigin öryggis eða ógnunar.	3 ár
98. gr.	Óskað er eftir upplýsingum um dvalarstað grunaðra einstaklinga eða vitna. Þessi grein á einnig við um þá sem mæta eiga fyrir dómi í sakamáli eða til afplánunar á dómi samkvæmt beiðni þar til bærra yfirvalda.	3 ár
99. gr.	Einstaklingar eða ökutæki sem óskað er eftir að haft verði eftirlit með í kyrrþey eða teknir til markvissrar skoðunar.	1 ár
100. gr.	Eftirlýstir munir, sem óskað er eftir að lagt verði hald á eða eru vísbending í sakamáli. Hlutirnir eru : stolin, ólöglega keypt eða týnd ökutæki og tengivagnar, stolin, ólöglega keypt eða týnd skotvopn, stolin, ólöglega keypt eða týnd útgefin skilríki, stolin, ólöglega keypt eða týnd útgefin skilríki, peningaseðlar með þekktum númerum.	3 ár 10 ár 10 ár 5 ár 5 ár

Persónuupplýsingar

Í reglugerð um meðferð persónuupplýsinga hjá lögreglu, nr. 322/2001, kemur fram að persónuupplýsingum skuli aðeins miðlað innan lögreglu eftir því sem þörf krefur vegna tiltekinna löggæsluverkefna. Persónuupplýsingum verði aðeins miðlað til annarra stjórnvalda en lögreglu eða til einkaaðila þegar samþykki hins skráða liggur fyrir, samkvæmt lagaheimild, samkvæmt heimild Persónuverndar eða ef miðlun upplýsinganna er nauðsynleg til að koma í veg fyrir alvarlega og aðsteðjandi hættu. Persónuupplýsingum verður aðeins miðlað til erlendra lögregluvirkvalda samkvæmt lagaheimild eða þjóðréttarlegri skuldbindingu eða ef miðlun upplýsinganna er nauðsynleg til að koma í veg fyrir alvarlega og aðsteðjandi hættu eða til að sporna við alvarlegum afbrotum, enda veiti það ríki sem upplýsingar eru sendar til fullnægjandi persónuupplýsingavernd. Eftir því sem unnt er skal sannreyna áreiðanleika persónuupplýsinganna áður en þeim er miðlað. Ef upplýsingarnar eru ónákvæmar eða úreltar skal þeim ekki miðlað.

Löggæsla og öryggi

Almannavarnadeild

Að vanda var unnið að fjölmörgum verkefnum í almannavarnadeild ríkislögreglustjóra árið 2011 en starfsemin var sérstaklega yfirgripsmikil framan af árinu. Enn var verið að vinna að enduruppbyggingu og endurreisn samfélagsins á Suðurlandi eftir Eyjafjallajökulgosið vorið 2010 þegar eldgos varð í Grímsvötnum í maí 2011 með miklu öskufalli á Suðausturlandi sem bregðast þurfti tafarlaust við. Þá varð mikið jökulhlaup í Múlakvísl sem hreif brúna á Þjóðvegi 1 með sér og við það fóru samgöngur í uppnám.

Grímsvatnagosið

Eldgos hófst í Grímsvötnum í Vatnajökli 21. maí 2011 og var Samhæfingarstöðin í Skógarhlíð virkjuð með fullri áhöfn. Gosið var mjög öflugt og sást gosmökkurinn víða að á Suðurlandi og náði hann meira en 20 km hæð. Þjóðvegi 1 var lokað frá Vík í Mýrdal austur að Kvískerjum við upphaf gossins og var hann vaktaður af lögreglu þar sem hættu var talin á jökulhlaupi. Hlaup fylgdi ekki eldgosinu en síðast varð hlaup frá Grímsvötnum 31. október 2010 og hafði lítið vatn safnast fyrir í öskjunni síðan þá. Öskufall var mikið, aðallega suður og suðaustur af gosstöðvunum. Björgunarsveitir aðstoðuðu íbúa á svæðinu og dreifðu hlífðargleraugum og rykgrímum. Rauði krossinn opnaði fjöldahjálparstöðvar í upphafi gossins og starfseminni var síðan haldið áfram í þjónustumiðstöð almannavarna á Kirkjubæjarklaustri. Gosið vakti mikinn áhuga innlendra og erlendra fjölmiðla og mynduðu upplýsingafulltrúar ráðuneyta og Slysavarnafélagsins Landsbjargar fjölmiðlahóp í samvinnu við almannavarnadeildina í Björgunarmiðstöðinni og aðstoðuðu við upplýsingagiöf. Einnig var opnuð fjölmiðlastofa á Kirkjubæjarklaustri og viðbragðsteymi ferðabjónustunnar kom saman og samhæfði aðgerðir sínar vegna eldgossins.

Þjónustumiðstöð almannavarna

Eftir að ljóst varð að öskufall frá Grímsvötnum var mikið suður og suðaustur af eldstöðvunum var ákveðið að opna þjónustumiðstöð vegna eldgossins á skaðasvæðinu. Þjónustumiðstöðin var opnuð í grunnskólanum á Kirkjubæjarklaustri þann 25. maí undir umsjón almannavarnadeildarinnar. Þjónustumiðstöðvar hafa gegnt mikilvægu hlutverki í skipulagi almannavarna í endurreisnarstarfi eftir hamfarir bæði í jarðskjálftanum á Suðurlandi 2008 og eldgosunum á Fimmvörðuhálsi og í Eyjafjallajökli 2010. Verkefni þjónustumiðstöðvanna er að veita almenningi, fjölmiðlum, stofnunum og öðrum hlutaðeigandi aðilum upplýsingar og þjónustu vegna hamfaranna og jafnframt að vinna með stjórnvöldum að enduruppbyggingu á skaðasvæðinu. Strax var hafist handa við endurreisnina á svæðinu. Eldgosið hafði mikil áhrif á íbúa, eignir þeirra,

atvinnulíf og umhverfi. Sauðburður var í fullum gangi og það skapaði erfiðleika á mörgum bæjum. Áhersla var lögð á hreinsunarstarfið og reyndist það mjög umfangsmikið og ef vind hreyfði þurfti að hreinsa öskuna að nýju. Nokkur heimavatnsból eyðilögðust og þurfti að bora eftir vatni. Þjónustumiðstöðin var opin í umdæminu fram í nóvember sl.

Vettvangskönnun og stöðumat

Í ljósi reynslunnar frá Eyjafjallajökulsgosinu var ákveðið að leggja heildstætt mat á áhrif og horfur strax við upphaf Grímsvatnagossins. Horft var til fjölmargra þátta sem gætu haft áhrif á líf og heilsu manna og samfélagið á áhrifasvæði gossins. Við matið var byggt á aðferðafræði Sameinuðu þjóðanna um áhrif hamfara á samfélagið (e. *United Nations Disaster Assessment and Coordination*). Í kjölfarið var unnin skýrsla fyrir ríkisstjórnina. Skýrslan var höfð til hliðsjónar í framhaldinu við samhæfingu viðbragða þeirra ráðuneyta sem komu að uppbyggingunni vegna eldgossins. Þetta verkefni sannaði gildi sitt og verður slíkt verklag framvegis hluti af skipulögðum viðbrögðum við alvarlegum náttúruhamförum.

Jökulhlaup í Múlakvísl, Skaftá og Sveðju

Veðurstofan, vísindastofnanir og almannavarnadeild vöktuðu sérstaklega nokkrar ár vegna óróa á jarðskjálftamælum og hækkunar á vatnsyfirborði. Jökulhlaup hófst í Múlakvísl aðfaranótt 9. júlí og var lögregluvakt fljótlega sett við ána. Snemma morguns tók brúna af þjóðvegi 1 við Höfðabrekku er mikið flóð varð í ánni á örskammri stundu. Brúin var 128 metra löng og byggð árið 1991. Samhæfingarstöðin var virkjuð um leið og bakvakt almannavarnadeildar fékk boð frá Veðurstofu Íslands um hlaupið. Mýrdalsjökull var skilgreindur sem hættusvæði og umferð um hann bönnuð. Í öryggisskyni lýsti ríkislögreglustjóri yfir hættustigi í samráði við lögreglustjóran á Hvolsvelli og í framhaldinu var ákveðið að rýma bæi í Meðallandi og Álftaveri. Rauði kross Íslands opnaði fjöldahjálparstöðvar í Vík og á Kirkjubæjarklaustri og voru íbúar aðstoðaðir, svo og ferðamenn sem komust ekki leiðar sinnar. Síðar sama kvöld var hættustig fært niður á óvissustig og íbúar fengu að snúa heim. Næsta dag var skilgreint hættusvæði á jöklinum minnkað til mikilla muna og það einskorðað við suðausturhluta jökulsins. Einu hjáleiðirnar vegna rofs á hringveginum á þessu svæði eru Fjallabaksleiðirnar. Vegagerðin vann að vegabótum á Fjallabaksleið nyrðri og Dómadalsleið en bæði áætlunarbifreiðar og stórir flutningabílar fóru þessa leið á meðan ekki var vegasamband um Mýrdalssand. Hálandisvakt Slysavarnafélagsins Landsbjargar var aukin á þessu svæði á meðan á þessari aðgerð stóð. Viðbragðsteymi ferðaþjónustunnar kom saman og samhæfði aðgerðir sínar. Strax var hafist handa við byggingu nýrrar brúar og meðan á brúarsmiðinni stóð voru minni bifreiðar ferjaðar yfir ána á stórum vörubílum en farþegar fengu far með öflugri áætlunarbifreið. Öryggisgæsla á svæðinu var í höndum lögreglunnar og hafði hún stuðning frá sveitum

Landsbjargar. Samskipti allra aðila voru byggð á TETRA-fjarskipum. Bygging bráðabirgðabráur stóð yfir í eina viku og var umferð hleypt á brúna 16. júlí eða mun fyrir en áætlað var í fyrstu. Þá hljóp áin Sveðja, sem rennur í Hágöngulón, 12.–13. júlí. Vatnsborð í lóninu hækkaði um 70 cm í hlaupinu. Einnig varð hlaup í Skaftá 28.–29. júlí.

Rútuslys með ferðamenn

Sérútbúin áætlanarbifreið sem var í selflutningum með farþega yfir vaðið á Múlavísl lagðist á hliðina í miðri ánni þann 12. júlí. Alls voru 17 ferðamenn í bifreiðinni. Samhæfingarstöðin var virkjuð og kom björgunarsveitin Víkverji, ásamt vakt björgunarsveita við vaðið, ferðamönnum til hjálpar og Rauði krossinn opnaði fjöldahjálparstöð í Vík og á Klaustri og hlúði að farþegum og veitti þeim áfallahjálp. Í byrjun ágúst varð óhapp á hálendinu er tékknesk langferðabifreið valt í Blautulónum en 11 ferðamenn voru í bifreiðinni þegar hún valt. Tókst að bjarga farþegunum út um lúgu á þaki bifreiðarinnar rétt áður en hún sökk niður á um 10 metra dýpi. Rauði krossinn í Vík opnaði fjöldahjálparstöð við þann atburð og aðstoðaði farþega.

Æfingar – flugslysaæfingar – hópslysaæfingar

Á árinu voru flugslys æfð í Grímsey, á Hornafjarðarflugvelli og á Gjögri. Unnið var eftir uppfærðum flugslysaáætlunum fyrir flugvöllina. Farið var yfir skipulag á slysavettvangi, umönnun og bráðaflokkun slasaðra, aðkomu að flugslysi, slökkvistörf og björgun. Að fræðslunni komu ráðgjafar frá almannavarnadeild ríkislögreglustjóra, Isavia, Slysavarnafélaginu Landsbjörg, Landspítala og slökkviliði Akureyrar. Í mars hélt neyðarstjórnun Landsnets stóra raunæfingu með aðkomu almannavarnadeildarinnar. Þar voru æfðir atburðir sem almannavarnadeildin gæti þurft að bregðast við í raun. Í apríl var haldin umfangsmikil hópslysaæfing á Heilbrigðisstofnun Suðurlands. Æfð var móttaka 20 slasaðra og bráðaflokkun á vettvangi. Á þessari æfingu var viðbragðsáætlun stofnunarinnar virkjuð og æft samkvæmt gildandi skipulagi almannavarna. Í sama mánuði stóð Læknadeild Háskóla Íslands fyrir hópslysaæfingu í húsnæði slökkviliðs höfuðborgarsvæðisins í Hafnarfirði. Skipulag almannavarna var lagt til grundvallar og fengu læknanemar innsýn í neyðarskipulagið „Stjórnun, áætlun, bjargir og framkvæmd“ og hvernig það nýtist á stórslysavettvangi. Tvær hópslysaæfingar voru haldnar á vegum almannavarnadeildarinnar í samvinnu við heimamenn haustið 2011, önnur við munna Fáskrúðsfjarðarganga, Reyðarfjarðarmegin, þann 17. september og hin í Víðidal, rétt við félagsheimilið í Víðihlíð þann 15. október. Þátttaka í báðum æfingum var góð en samtals voru þátttakendur á Reyðarfirði 136 og þátttakendur á æfingunni við Blönduós voru 156. Stýrihópar í umdæmi lögreglunnar á Eskifirði og í umdæmi lögreglunnar á Blönduósi undirbyggju æfingarnar vel og skipulag æfinganna beggja var hið sama. Samhæfingarstöðin var virkjuð með

lágmarksmannafla í æfingunum. Eftir æfingarnar var haldinn rýnifundur og rýniskýrslur gefnar út. Í september tók fulltrúi almannavarnadeildar þátt í æfingu hjá norska sendiráðinu. Þátttakan fólst í að leika hlutverk íslenskra almannavarna og stjórnvalda í æfingastjórn í æfingu viðbragðsteymis norska utanríkisráðuneytisins. Í nóvember og desember voru haldnar boðunar- og viðbúnaðaræfingar vegna snjóflóða með Veðurstofu Íslands og heimamönnum á Austurlandi og Vestfjörðum.

Hringrásarbruni

Þann 12. júlí var Samhæfingarstöðin virkjuð vegna bruna í dekkjastæðum á svæði Hringrásar við Sundahöfn. Vindátt var suðlæg og vind lagði á haf út. Allt tiltækt slökkvilið á höfuðborgarsvæðinu vann að því að ráða niðurlögum eldsins og jafnframt var aðgerðastjórn höfuðborgarsvæðisins kölluð til starfa í Samhæfingarstöðinni. Vegna hagstæðrar vindáttar kom ekki til rýmingar í nærliggjandi hverfum og vel gekk að ráða niðurlögum eldsins.

Ráðstefnur, kynnisferðir og vinnufundir

Sóttur var fundur í almannavarnasamstarfi NATO. Á fundinum kynnti fulltrúi almannavarnadeildar verkefni og viðbrögð vegna eldgossins í Eyjafjallajökli. Miklar umræður urðu um skipulag og viðbrögð aðildarríkjanna og voru Íslendingum færðar þakkir fyrir góðar upplýsingar sem veittar voru í stöðuskýrslum frá Samhæfingarstöðinni í Skógarhlíð og dreift var í gegnum samræmingarmiðstöð NATO.

Markviss upplýsingagjöf

Á vegum almannavarnastofnana á Norðurlöndunum var haldin alþjóðleg ráðstefna um markvissa upplýsingamiðlun í neyðarástandi (e. *Crisis Communication*). Haldin voru margvísleg erindi um reynslu þjóða af neyðarástandi og hvernig brugðist var við. Auk þess voru á dagskrá erindi fræðimanna sem kynntu rannsóknir um markvissa upplýsingamiðlun í neyðarástandi. Fulltrúi almannavarnadeildar hélt erindi um miðlun upplýsinga og samskipti við fjölmarga aðila á meðan á eldgosinu í Eyjafjallajökli stóð og eftir að því lauk.

Ársfundur almannavarna í Noregi

Starfsmaður almannavarnadeildar sótti ársfund almannavarna í Noregi 17.–18. febrúar og flutti þar erindi um eldvirkni á Íslandi.

Nordred-samstarfið

Tveir fundir voru sóttir í Nordred-samstarfinu á árinu en Nordred er formlegt samstarf allra Norðurlandanna í björgunarmálum. Fundur var í Molde í Noregi í apríl og í framhaldi af honum var haldin sameiginleg ráðstefna og æfing Nordred

og RITS (samtaka um björgun á sjó) um borð í Hurtigruten þar sem æfð voru viðbrögð við bruna um borð í farþegaskipi. Annar fundur var í Kaupmannahöfn í október þar sem m.a. var fjallað um viðbrögð Norðmanna við sprengju- og skotárásunum í Osló og Útey 22. júlí og hörmulegar afleiðingar þeirra. Þá voru lögð drög að undirbúningi að sameiginlegri Nordred-ráðstefnu sem haldin verður í Stafangri í Noregi haustið 2012.

Kynnisferð til Nýja-Sjálands

Fulltrúi almannavarnadeildar fór í júlí í heimsókn til Nýja-Sjálands og kynnti sér viðbrögð vegna jarðskjálftanna sem urðu í borginni Christchurch. Umfang og afleiðingar jarðskjálftans voru gríðarlegar og fróðlegt var að sjá hvernig slíkur atburður getur haft áhrif á samfélag sem líkist því íslenska á svo margan hátt. Rætt var við fulltrúa viðbragðsaðila, matsmenn tjóna, yfirmenn viðlagatryggingar Nýja-Sjálands og stjórnendur almannavarna. Ferðin var farin í samstarfi við Viðlagatryggingu Íslands og mun skila sér í breyttum áherslum í verklagi við undirbúning atburða í fjölmennari byggðum og við úrvinnslu tjóna sem ekki falla undir tryggingu Viðlagatryggingar. Í ferðinni var einnig haldin kynning fyrir almannavarnayfirvöld á Nýja-Sjálandi á viðbrögðum á Íslandi við eldgosunum í Eyjafjallajökli og Grímsvötnum.

Áhættuskoðun almannavarna

Lokið var við áhættuskoðun almannavarna á árinu. Verkefnið er mjög umfangsmikið og hefur verið unnið á síðustu fjórum árum. Verkefnið nær til alls landsins og hefur hvert lögregluumdæmi unnið áhættuskoðun fyrir sitt umdæmi. Þar var farið yfir helstu einkenni hvers umdæmis, náttúrufar, jarðfræði og samfélagsgerð um leið og helsta hættu var skoðuð og skilgreind. Áhættuþættir voru síðan metnir eftir ákveðinni aðferðafræði og síðan var viðbúnaði í almannavarnakerfinu forgangsraðað í umdæmunum. Hvert umdæmi skilaði áhættuskoðun til almannavarnadeildarinnar og hefur verið gerð samantekt á helstu niðurstöðum fyrir öll 15 umdæmin. Þar kemur meðal annars fram hvernig umdæmin hafa metið áhættu vegna atburða frá náttúrunni og áhrif þeirra á umhverfi, heilsu manna, helstu innviði samfélagsins og samfélagsöryggi. Ekki hafa öll umdæmi metið alla þá áhættu sem áhættuskoðunin náði til heldur hafa þau valið þau áhættuatriði sem talið er að geti haft áhrif í umdæminu. Umdæmin hafa greint fjölda atburða sem þarf að bregðast við og kemur fram brýn þörf fyrir hættumat, viðbragðsáætlanir og frekari greiningar. Þar má helst nefna veðurtengda atburði, eldgos, jarðskjálfta og ýmiss konar flóð í flokki náttúruvá, sem og hópslys, mengun, hættuleg efni og kjarr- og skógarelda í flokki sem tengjast heilsu og umhverfi, og frekari greiningar á helstu innviðum samfélagsins og innbyrðis tengslum þeirra og vernd. Almannavarnanefndir hafa farið þess á leit við almannavarnadeildina að hún komi að gerð viðbragðsáætlana sem settar voru í

fyrsta forgang í áhættuskoðuninni. Vinna er þegar hafin við gerð nokkurra áætlana. Þar má nefna viðbragðsáætlun vegna gróðurelda í Skorradal og áætlunir vegna hvalaskoðunarbáta á Húsavík, Vestmannaeyjaferjunnar Herjólfss og ferjusiglinga á Seyðisfirði. Þá kom fram ósk frá öllum umdæmum á landsbyggðinni um að gerðar verði hópslysaáætlunir í umferðinni. Fyrsti liður í þeirri vinnu voru hópslysaæfingar á Eskifirði og í Húnavatnssýslu í september og október. Einnig er almannavarnadeildin aðili að stóru samstarfsverkefni Veðurstofu Íslands, Jarðvísindastofnunar háskólans, Landgræðslunnar og Vegagerðarinnar um heildarhættumat vegna eldgosa á Íslandi, sem brýn þörf er á samkvæmt áhættuskoðuninni. Í framhaldi af áhættuskoðuninni verður farið í frekari greiningu á þeim atburðum sem umdæmin settu í forgang í samvinnu við umdæmin.

Cooperation for Safety (Co-Safe)

Vinnuhópurinn Cooperation for Safety (Co-Safe), sem styrktur er af Norðurslóðaáætlun Evrópusambandsins, hélt lokafund sinn dagana 14.–18. febrúar í Norsjö í Norður-Svíþjóð. Lokaverkefni hópsins var eins dags ráðstefna þar sem niðurstöður þessa verkefnis voru kynntar. Fulltrúi almannavarnadeildar var virkur fulltrúi í þessum hópi en Sjúkrahúsið á Akureyri leiddi vinnuna fyrir hönd Íslendinga. Auk Íslendinga sátu fulltrúar Finna, Skota og Svía í vinnuhópnum. Niðurstöður þessarar vinnu eru nú komnar út á myndbandi og í bæklingi og verða notaðar til áframhaldandi vinnu við að greina og bæta öryggi þeirra sem búa á norðlægum slóðum.

Viðaukar við sniðmát viðbragðsáætlana heilbrigðisstofnana

Heilbrigðisstofnun Þingeyinga og Heilbrigðisstofnun Vestmannaeyja luku endurgerð viðbragðsáætlana sinna samkvæmt sniðmáti almannavarnadeildar um útlit og uppsetningu og hafa nú flestar heilbrigðisstofnanir landsins innleitt sniðmát almannavarna við neyðaráætlanagerð sína. Fleiri áætlunir eru í burðarliðnum. Árið 2011 var gefinn út viðmiðunarlisti um búnað greiningarsveita heilbrigðisstofnana. Almannavarnadeildin vann að gerð þessa lista í samvinnu við Landspítala og landlæknisembættið. Þessi listi er viðauki nr. 1 í sniðmáti viðbragðsáætlana heilbrigðisstofnana og hefur verið sendur öllum heilbrigðisstofnunum. Á árinu var hafin vinna við gerð viðauka nr. 2 en það er gátlisti um sérstök verkefni heilbrigðisstofnana í hamförum. Áætlað er að ljúka gerð þessa lista árið 2012. Samstarfsaðilar almannavarnadeildar við þessa vinnu eru Sjúkrahúsið á Akureyri, Landspítali og landlæknisembættið.

Innleiðing skipulags áfallahjálpar í hamförum

Allt árið var unnið að innleiðingu skipulags áfallahjálpar í hamförum en það var undirritað í október 2010. Haldnir voru fundir í öllum lögregluumdæmum og í árslok var búið að mynda samráðshópa áfallahjálpar alls staðar á landinu. Í

hverjum hópi eiga sæti fulltrúar heilbrigðisþjónustu, þjóðkirkjunnar, Rauða kross deilda og félagsþjónustu sveitarfélaganna. Árið 2012 verður haldinn fræðslufundur með fulltrúum allra þessara hópa.

Virkjun Samhæfingarstöðvarinnar árið 2011

Samhæfingarstöðin var virkjuð 63 sinnum árið 2011. Stöðin var virkjuð 15 sinnum vegna aðgerða eða æfinga á vegum almannavarnadeildar en 47 sinnum vegna aðgerða á höfuðborgarsvæðinu. Þá var ein æfing á vegum annarra í stöðinni. Lengsta aðgerðin á árinu 2011 var vegna eldgossins í Grímsvötnum. Samhæfingarstöðin var virkjuð 21. maí kl. 18:31 og var hún að störfum fram til 30. maí eða í tæpa níu sólarhringa. Á vegum almannavarnadeildar var stöðin virkjuð tvisvar vegna flugatvika, einu sinni vegna eldgoss, einu sinni vegna óveðurs, einu sinni vegna jarðskjálfta, fimm sinnum vegna annars konar atburða og sex sinnum vegna æfinga. Flest atvikin sem brugðist var við á höfuðborgarsvæðinu voru vegna leitar að týndu fólki eða björgunar á fólki sem var á ferð utan alfaraleiðar. Þá komu upp nokkur tilvik vegna óveðurs og/eða ófærðar.

Fræðsla fyrir áhöfn Samhæfingarstöðvarinnar

Sveinbjörn Dúason sjúkraflutningamaður flutti erindi fyrir áhöfn Samhæfingarstöðvarinnar í mars. Efni erindisins var rútuslysið í Reykjadal 27. ágúst 2010 auk þess sem Sveinbjörn fór yfir rekstur sjúkraflugs á Íslandi og tiltækan búnað. Í apríl var starfsfólk þjálfað í notkun nýrra tölva í Samhæfingarstöðinni.

Fundir í vísindamannaráði

Enginn formlegur fundur var haldinn í vísindamannaráði almannavarna fyrri hluta árs en ráðið kom saman að hluta nær daglega meðan á eldgosinu í Grímsvötnum stóð 21. maí til 30. maí. Þá kom hluti ráðsins saman þann 10. júlí vegna hlaups í Múlakvísl. Heildarfundur vísindamannaráðsins var haldinn 13. júlí bæði vegna hlaupsins í Múlakvísl og vegna hlaups í Sveðju sem gekk fram í Hágöngulón. Þá var reglulegur haustfundur vísindamannaráðsins haldinn 3. október. Á þeim fundi var farið yfir jarðskjálftavirkni síðustu missera og horfur á eldgosum á næstunni.

Sérfræðingaskipti Evrópusambandsins

Á vegum almannavarna Evrópusambandsins er starfrækt áætlun um sérfræðingaskipti (e. *Exchange of Experts*). Almannavarnadeild ríkislögreglustjóra sér um verkefnið hér á landi. Viðbragðsaðilar frá lögreglunni, Slysavarnafélaginu Landsbjörg og almannavarnanefndum tóku þátt verkefninu á árinu og fóru í kynningarferðir m.a. til Noregs vegna snjóflóðavarna og viðbragða við snjóflóðum, til Þýskalands í þjálfunarbúðir í leit og björgun og til Hollands og Bretlands til flóðaæfinga. Auk þess fóru félagar í alþjóðasveit Landsbjargar á námskeið á vegum almannavarna Evrópusambandsins. Í september kom ítalskur almannavarna-

sérfræðingur á vegum áætlunarinnar til Íslands og kynnti sér starf almannavarna-deildarinnar í tvær vikur.

Efling almannavarnadeildar

Á árinu var ákveðið að efla almannavarnadeildina. Tveir starfsmenn frá sérsvait ríkislögreglustjóra komu til liðs við deildina seinni hluta árs auk þess sem auglýst var eftir verkefnastjóra. Ljóst er að fjölbreytt verkefni eru fram undan í almannavarnadeildinni.

Alþjóðadeild

Seinni hluta árs 2011 flutti alþjóðadeildin úr Skógarhlíð á Skúlagötu 21. Aðstaða deildarinnar batnaði þar með og er starfsemin nú öll á einum stað. Vegna niðurskurðar á framlögum til ríkislögreglustjóra hefur vinnufyrirkomulagi verið breytt, starfsmönnum fækkað og því hefur þurft að forgangsraða verkefnum.

Schengen-samstarfið er það lögreglusamstarf sem kallar á hvað mesta vinnu hjá starfsmönnum alþjóðadeildar. Þó nokkur framsalsmál komu upp árið 2011 sem afleiðing af yfirlestri svokallaðrar 95. gr. skráninga þar sem í ljós kom að eftirlýstir einstaklingar voru búsettir hér á landi. Afgreiðsla þessara mála er tímafrek en framkvæmd þeirra byggist á lögum frá 1984 sem endurspeglar þann veruleika sem áður var. Er það von manna að evrópskur framsalssamningur (e. *European Arrest Warrant*) verði að veruleika sem fyrst til að bæta úr þessu en samningurinn var undirritaður af Íslands hálfu árið 2006.

Rætt hefur verið um hvort Ísland eigi að segja sig úr Schengen-samstarfinu og taka eigi upp landamæraeftirlit að nýju. Ekki hefur farið fram greining á því hvaða vanda þetta kynni að leysa eða hvaða áhrif þetta hefði á samstarf við EES eða við Norðurlöndin. Nýtt Schengen-upplýsingakerfi (SIS-II) hefur ekki enn verið tekið í notkun þrátt fyrir áralangan undirbúning en vonast er til þess að kerfið komist í gagn árið 2013.

Alþjóðlegt samstarf við Interpol, Europol og PTN

Interpol-samstarfið er sem fyrr í föstum skorðum. Aðildarlöndin eru nú 190. Þetta þýðir að hægt er að hafa samband við lögreglufirvöld hvar sem er í heiminum í gegnum samskiptakerfið Interpol I-24/7 sem hefur komið að góðum notum í alþjóðlegu lögreglusamstarfi.

Europol-samstarfið er í stöðugri þróun og það kemur sér vel að hafa starfandi tengilið við stofnunina því að það gerir samstarfið auðveldara og virkara en ella. Á árinu var tekið í notkun samskiptakerfið SIENA og komu starfsmenn Europol hingað til lands og héldu námskeið, bæði fyrir starfsmenn alþjóðadeildar og

annarra embætta sem munu í framtíðinni hafa beint samband við stofnunina um kerfið. Er þetta til mikils hagræðis og auðveldar vinnu starfsmanna alþjóðadeildar.

PTN er samstarf ríkislögreglustjóra og tollstjóra Norðurlandanna en það hófst árið 1982. Markmið PTN samstarfsins er að lögreglu- og tolla yfirvöld á Norðurlöndum vinni saman gegn glæpastarfsemi sem getur haft afleiðingar fyrir tvö eða fleiri landanna. Hluti af PTN samvinnunni felst í að löndin samnýta tengiliði sem þau hafa staðsetta í öðrum löndum heimsins. Viðkomandi starfa sem tengiliðir sinna landa við þarlend lögreglu- og tolla yfirvöld auk þess að vera hluti af PTN samvinnunni. Þannig hefur alþjóðadeild ríkislögreglustjóra til dæmis aðgang að sambandsmönnum hinna Norðurlandanna hvar sem þeir eru staðsettir í heiminum og geta verið annað hvort frá lögreglu eða tolla yfirvöldum ríkjanna.

PTN -samstarfið er til mikillar fyrirmyndar og er afar mikilvægt að eiga aðgang að tengiliðum þeirra annars staðar á Norðurlöndum og hafa þeir hjálpað til við úrlausn ýmissa mála í þeim löndum þar sem þeir eru. Um þessar mundir er tilhneiging hjá þeim Norðurlöndum sem eru aðilar að Evrópusambandinu að færa tengiliði sem eru staðsettir í löndum ESB undir hatt Evrópusambandsins til Europol. Um þetta eru skiptar skoðanir innan PTN. Árið 2011 tók Ísland við formennsku í samstarfinu til tveggja ára og því er fyrirsjáanleg mikil vinna fram undan hjá starfsmönnum alþjóðadeildar en í formennskunni felst m.a. að halda utan um og bera ábyrgð á skipulagi funda innan samstarfsins.

Málefni útlendinga og brottvísanir

Útlendingamál eru fyrirferðarmikil í starfsemi alþjóðadeildar. Er þar fyrst og fremst um að ræða málefni hælisleitenda en einnig annast deildin framkvæmd brottvísana. Oft á tíðum fylgir því mikil vinna að finna út úr því hverjir þeir eru sem hingað koma á fölsuðum skilríkjum en þar kemur Eurodac-gagnagrunnurinn að góðum notum. Flestir hælisleitendur sem hingað koma hafa áður sótt um hæli í Evrópulöndum og eiga þeir því samkvæmt Dublinarreglugerðinni að fara aftur til þess lands þar sem þeir hafa áður sótt um hæli. Þá er talsverðum fjölda afbrotamanna vísað brott á hverju ári að lokinni afplánun.

Fjarskiptamiðstöð

Fjarskiptamiðstöð ríkislögreglustjóra hefur starfað í 11 ár, með aðsetur í Skógarhlíð 14 í Reykjavík. Átján starfsmenn eru í deildinni, þar af sextán á vöktum. Undanfarin ár hefur verið lögð áhersla á að deildir innan löggæslu- og öryggisviðs embættisins njóti stuðnings hver af annarri eftir álagi hverju sinni. Dæmi um þetta eru eldgosin sem urðu á vormánuðum 2010 og 2011. Símtöl til Fjarskiptamiðstöðvarinnar koma frá Neyðarlínunni (112) og voru þau rétt tæp 90.000 árið 2011, sem er svipaður fjöldi og árið áður. Með símtölum er átt við

bæði verkefnatengd símtöl og þjónustusímtöl við lögregluembættin. Í febrúar 2011 varð breyting á starfsemi alþjóðadeildar þannig að vöktun á alþjóðakerfum færðist til Fjarskiptamiðstöðvarinnar á kvöldin, um nætur og helgar ásamt almennum frídögum. Komin er allnokkur reynsla á fyrirkomulagið og hefur það gengið vonum framur samhliða öðrum verkefnum. Samarið er og verður erfiður tími, bæði vegna þess að þá fjölgar verkefnum og vegna orlofs starfsmanna. Þrátt fyrir það gekk vel.

Eldgos, samvinna og samhæfing

Á vormánuðum gaus í Grímsvötnum. Starfsmenn Fjarskiptamiðstöðvarinnar sinntu hlutverki sínu í Samhæfingarstöðinni en óhjákvæmilega kallaði verkefnið á aukamannskap með tilheyrandi kostnaði. Samskiptin við lögregluembættin voru mikil, bæði með heimsóknum og símafundum. Samhæfa þurfti aðgerðir í tengslum við stórar upptakomur og samvinna jókst á milli Fjarskiptamiðstöðvarinnar og annarra viðbragðsaðila, s.s. slökkviliðs höfuðborgarsvæðisins og Landhelgisgæslunnar. Hlutverkið var m.a. að samhæfa fjarskipti og var unnið náið með aðgerðastjórn slökkviliðs höfuðborgarsvæðisins og Landhelgisgæslunnar.

Í upphafi sumars var skipt um símkerfi bæði hjá Fjarskiptamiðstöðinni og Neyðarlínunni. Töluvert álag var á starfseminni vegna ófyrirsjáanlegra hluta og lýkur endurbótum ekki fyrr en árið 2012. Símsvörun gagnvart almenningi gekk þó eðlilega fyrir sig.

Samstarf og kynningarfundir

Kynningar og fundir voru haldin með ýmsum aðilum á árinu 2011. Samstarf við embætti tollstjóra á sviði fjarskiptamála hófst m.a. og á sú vinna eftir að þróast enn betur árið 2012. Einnig voru haldnar kynningar og fundir með ýmsum öðrum aðilum og tókst það verkefni með ágætum. Á hverju ári er nokkuð um heimsóknir til Fjarskiptamiðstöðvarinnar en gestirnir eru aðallega erlendir lögreglumenn og aðrir samstarfsaðilar lögreglunnar.

Greiningardeild

Þann 1. janúar 2007 tók greiningardeild ríkislögreglustjóra (e. *National Security Unit*) til starfa. Greiningardeildin rannsakar landráð og brot gegn stjórnskipan ríkisins og æðstu stjórnvöldum þess og leggur mat á hættu á hryðjuverkum og skipulagðri glæpastarfsemi. Starfssvæði greiningardeildarinnar nær til alls landsins og hlutverk hennar er, samkvæmt reglugerð nr. 404 frá 8. maí 2007, að annast verkefni á sviði öryggismála.

Starfsemi greiningardeildar

Greiningardeildin hefur umsjón með upplýsinga- og greiningagrunni (*I base*) og annast öryggisathuganir og útgáfu öryggisvottana, m.a. vegna flugverndar. Þær vottanir lúta að einstaklingum sem starfa á haftasvæðum og þurfa, samkvæmt alþjóðlegum samningum, að gangast undir slíka athugun. Umfang og fjöldi slíkra athugana hefur farið vaxandi. Eru þær flestar unnar í nánu samstarfi við lögregluna á Suðurnesjum en fjöldi starfsmanna þar þarf á öryggisvottun að halda vegna vinnu sinnar á haftasvæðum á Keflavíkurlflugvelli. Greiningardeild annast einnig öryggisathuganir vegna þeirra sem þátt taka í alþjóðlegu samstarfi af hálfu stjórnvalda. Stefnumiðaðar greiningar og fyrirbyggjandi verkefni eru sem fyrr stór þáttur í starfsemi deildarinnar. Greiningardeild hefur í skýrslum sínum ítrekað vakið athygli á aukinni hörku í íslenskum undirheimum m.a. hvað varðar vopnaburð og hefur hún unnið matsskýrslur sem lúta að skipulagðri glæpastarfsemi á Íslandi. Skýrsla greiningardeildar um skipulagða glæpastarfsemi er að jafnaði birt einu sinni á ári og er öllum opin í því skyni að upplýsa almenning um þróun mála á þessu sviði. Viðbrögð almennings, fjölmiðla og stjórnvalda má hafa til marks um gildi þessara skýrslna. Greiningardeildin annast einnig samstarf við erlendar öryggisstofnanir og lögreglulið og hefur sú samvinna aukist jafnt og þétt undanfarin ár.

Sérsvait

Heildarfjöldi allra verkefna hjá sérsvaitinni árið 2011 var 4.559. Almenn löggæsluverkefni voru 2.127, umferðarverkefni 462, sérstakt eftirlit 761, öryggiseftirlit með sendiráðum 786 og eftirlit með vélhjólaklúbbum 177. Þar af voru 246 sérsvaitarverkefni, 63 vopnuð.

Ýmsar deildir lögreglu hjá lögregluembættunum voru aðstoðaðar í 125 tilfellum vegna sérstakra verkefna t.d. við handtöku á hættulegum mönnum sem grunaðir voru um vopnaburð, við mannfjöldastjórnun og flutninga með hættulega fanga. Sprengjusérfræðingar sérsvaitarinnar sinntu níu verkefnum við að eyða sprengjum og sprengiefni sem fundist hafði á víðavangi og við að leita að sprengjum við opinberar heimsóknir. Þá sinntu kafarar sérsvaitarinnar fjórum verkefnum við leit að týndu fólki og að sönnunargögnum í sakamálum.

Öryggisgæsluverkefni voru 26 talsins vegna gæslu á erlendum fyrimennum og æðstu stjórn ríkisins. Sérsvaitin annaðist 15 fræðslu- og þjálfunarverkefni hjá lögregluembættunum, Lögregluskólanum, slökkviliði höfuðborgarsvæðisins, tollstjóranum, Siglingastofnun, starfsfólki ráðuneyta stjórnarráðsins og innlendum flugfélögum. Þá sinnti sérsvaitin öryggiseftirliti með tilteknum einstaklingum og byggingum í 1.724 tilfellum.

Á árinu 2011 sinnti sérsveitin öryggisgæslu vegna æðstu stjórnar ríkisins og lagði til mannskap og búnað vegna lögregluaðgerða í tengslum við mótmæli í miðborg Reykjavíkur. Á tímabilinu 22.–29. maí sinntu 11 sérsveitarmenn almannavarna-verkefnum á vegum lögreglustjórans á Hvolsvelli vegna eldgossins í Grímsvötnum. Verkefnið fólst m.a. í að manna og stjórna aðgerðum almannavarna á Kirkjubæjarklaustri og styrkja löggæsluna almennt í umdæminu. Þann 9. júlí veittu sex sérsveitarmenn aðstoð við að loka þjóðvegi 1 vegna rofs á honum við Múlakvísl og sinna löggæslu á svæðinu í því sambandi.

Öryggismál

Lögreglan annaðist öryggisgæslu og umferðarfylgd í sjö opinberum heimsóknum. Umfangsmestu verkefni voru opinberar heimsóknir forseta Slóveníu og Litháens.

Tafla 6. Yfirlit yfir helstu öryggismál árið 2011		
Mánuður	Nafn og titill/efni	Fylgdarmenn
Maí	Opinber heimsókn forseta Slóveníu	28
Júní	Sendiherra Ísrael	1
Ágúst	Heimsókn norsku konungshjónanna	5
	Opinber heimsókn forseta Litháen	20
September	Heimsókn varaforseta kínverska ráðgjafarþingsins	24
	Hershöfðingi NATO í Evrópu	7
Desember	Opinber heimsókn utanríkisráðherra Palestínu	2



Stjórnsýslusvið

Afbrotatölfræði

Haustið 2011 var gefin út Afbrotatölfræði 2010 en það er viðamikil skýrsla þar sem birtar eru staðfestar tölur um afbrot greind eftir brotaflokkum og lögregluembættum auk upplýsinga um magn fíkniefna sem lagt var hald á. Afbrotatíðindi voru birt mánaðarlega á vef lögreglunnar en það eru stuttar samantektir um brot í hverjum mánuði auk annarrar greiningar á brotum tengdum málefnum líðandi stundar. Í lok ársins voru svo birtar bráðabirgðatölur um helstu afbrot fyrir árið 2011.

Fyrir utan reglubundin verkefni sinnir stjórnsýslusviðið upplýsingagjöf til lögregluembætta og annarra stofnana, fjölmiðla og nemenda. Þá hefur alþjóðlegt samstarf og upplýsingaöflun fyrir stofnanir eins og Sameinuðu þjóðirnar, Eurostat, Interpol og Europol aukist að umfangi.

Starfsmaður stjórnsýslusviðs sat í nefnd á vegum velferðarráðuneytisins til að taka saman upplýsingar um félagsvísa. Ætlunin með vísunum er að safna ýmiss konar tölfræðilegum upplýsingum til að varpa ljósi á þjóðfélagsástand á hverjum tíma. Veittar voru upplýsingar um þróun afbrota en samantekt um vísana var birt á vef velferðarráðuneytisins í byrjun árs 2012.

Á árinu 2011 var m.a. unnið að því að vinna úr tölfræði gagnaskrár lögreglunnar og gera hana aðgengilegri en áður. Þessi framsetning mun bæði gagnast við vinnslu afbrotatölfræði og við nánari greiningu á afbrotum.

Starfsmannamál

Hjá embætti ríkislögreglustjóra störfuðu 125 starfsmenn árið 2011 en starfsmönnum fækkaði m.a. vegna flutnings efnahagsbrotadeildar til sérstaks saksóknara 1. september og voru starfsmenn í lok árs 107 talsins.

Starfshópi á vegum ríkislögreglustjóra var falin endurskoðun á starfsmannastefnu lögreglunnar á árinu 2010 og hefur vinna staðið yfir við hana síðan þá. Hópin skipa fulltrúar frá ríkislögreglustjóra, lögreglunni á höfuðborgarsvæðinu, Landssambandi lögreglumanna, Lögreglustjórafélaginu og Lögregluskóla ríkisins. Starfshópnum var falið að leggja mat á innihald núverandi stefnu og leggja fram tillögur til breytinga. Vinna starfshópsins lá að mestu leyti niðri á árinu 2011 en stefnt er að því að gefa út endurskoðaða starfsmannastefnu á árinu 2012.

Jafnréttis- og framkvæmdaáætlun lögreglunnar

Árið 2011 var síðasta ár núgildandi jafnréttis- og framkvæmdaáætlunar lögreglunnar. Jafnréttisnefnd lögreglunnar fundaði einu sinni á árinu og þar var m.a. rætt um könnun Marínu Daggar Jónsdóttur á starfsmannastefnu lögreglunnar frá því í maí 2010. Þar kom m.a. fram að 41% starfandi lögreglukvenna sagði að þær hefðu frekar oft eða mjög oft orðið varar við kynjamismunun þegar verkefnum innan viðkomandi embættis hefði verið úthlutað. Aðeins 10% starfandi lögreglukarla sögðu að þeir hefðu frekar oft eða mjög oft orðið varir við kynjamismunun sem þessa. Þá töldu 53% karlanna kynin eiga jafna möguleika á starfsframa innan embættisins en aðeins 24% kvennanna voru sömu skoðunar. Jafnframt töldu 62% kvennanna að karlar ættu meiri möguleika á starfsframa en konur í stéttinni. Þess ber að geta að svarhlutfall í þessari könnun var aðeins 35% og rýrir það því alhæfingargildi niðurstaðnanna.

Á árinu barst ekkert formlegt erindi frá lögregluembættunum til jafnréttisfulltrúa lögreglunnar en lögreglustjórar bera hins vegar ábyrgð á framkvæmd áætlunarinnar, hver hjá sínu embætti, og því leitast þeir við að leysa þau mál sem upp koma hjá þeim. Á árinu 2012 verður gefin út ný jafnréttis- og framkvæmdaáætlun fyrir lögregluna, auk þess sem ríkislögreglustjóri mun skipa nýja jafnréttisnefnd.

Félagastuðningur

Á árinu 2011 var gerð þjónustukönnun á félagastuðningi sem tók til streitu og félagslegs stuðnings meðal lögreglumanna. Helstu niðurstöður voru þær að um 83% lögreglumanna þekkja þau sálrænu stuðningsúrræði sem standa lögreglumönnum til boða. Lögreglumenn á höfuðborgarsvæðinu voru meðvitaðri um þau stuðningsúrræði sem til boða standa en þeir sem starfa á landsbyggðinni. Tæp 20% svarenda sögðust hafa nýtt sér þá sérfræðiþjónustu sem boðið er upp á, 43 karlar og 11 konur. Hlutfallslega mun fleiri konur en karlar höfðu nýtt sér þjónustuna, eða 35,5% kvenna á móti 16,9% karla. Einnig höfðu hlutfallslega fleiri lögreglumenn á höfuðborgarsvæðinu en landsbyggðinni nýtt sér þjónustuna, eða 22,5% þátttakenda á höfuðborgarsvæðinu á móti 12,8% af landsbyggðinni. Meirihluti þátttakenda, eða 64,8%, var annaðhvort frekar ánægður eða mjög ánægður með þjónustuna, 18,5% voru annaðhvort mjög eða frekar óánægð og 16,7% voru hlutlaus. Ekki kom fram marktækur munur á ánægju þátttakenda með þjónustuna eftir staðsetningu eða kyni. Flestir, eða yfir helmingur þátttakenda, hafði nýtt sér þjónustuna vegna sérstaks streituvaldandi atburðar sem þeir höfðu upplifað í starfinu og næstflestir (30,2%) vegna vandamála í einkalífi. Ítarlega skýrslu um niðurstöður má finna á vef lögreglunnar, <http://www.logreglan.is>.

Á árinu 2011 var greitt fyrir sálfræðiþjónustu fyrir 46 lögreglumenn í gegnum félagastuðningskerfið. Sálfræðingar sálfræðiþjónustunnar Líf og sál sinntu flestum viðtölunum samkvæmt samningi en lögreglumönnum er einnig heimilt að velja sér löggildan sérfræðing til að sækja viðtöl hjá. Síðastliðin ár hafa, auk sálfræðinga, geðlæknar, fjölskylduráðgjafar og prestar veitt lögreglumönnum stuðning í gegnum tilvísanakerfi félagastuðningsins. Ásókn í sálfræðiþjónustu á árinu 2011 jókst töluvert miðað við árin á undan.

Polendakönnun

Árið 2007 var í fyrsta sinn gerð polendakönnun samkvæmt löggæsluáætlun 2007-2011 sem náði yfir allt landið. Ríkislögreglustjóri og lögreglan á höfuðborgarsvæðinu stóðu sameiginlega að þessari könnun og kom skýrslan með niðurstöðum út í október 2008, júlí 2009 og nú í apríl 2012.

Með polendakönnunum er annars vegar reynsla borgaranna af afbrotum og öryggistilfinning þeirra í eigin hverfi og í miðborg Reykjavíkur greind en hins vegar eru störf lögreglunnar og árangur hennar á landsvísu metin. Í hluta könnunarinnar er spurt um reynslu frá árinu 2010.

Helstu niðurstöður eru þær að 86% svarenda töldu lögregluna vinna mjög gott eða nokkuð gott starf í hverfi/byggðarlagi sínu. Þetta er lægra hlutfall en árið 2009 þegar 91,5% voru þeirrar skoðunar (tafla 7). Í töflu 8 má sjá að 90,5% svarenda sögðust mjög öruggir eða frekar öruggir er þeir væru einir á gangi að kvöldi í byggðarlagi sínu. Þetta er álíka hátt hlutfall og fyrri ár. Meirihluti þeirra (76,1%) sem höfðu samskipti við lögregluna á árinu 2010 var frekar eða mjög ánægður með þá þjónustu sem hann fékk en þetta hlutfall var 79,3% árið 2008. Ítarlegri skýrslu um niðurstöður má finna á vef lögreglunnar, <http://www.logreglan.is>.

Tafla 7. Þjónusta lögreglunnar

Viðhorf til þjónustu lögreglunnar	Könnun 2008	Könnun 2009	Könnun 2011
Hlutfall almennings sem telur lögregluna vinna nokkuð gott eða mjög gott starf <i>Eigið hverfi borgara</i>	87,8%	91,5%	86%

Tafla 8. Öryggstilfinning

Ótti við afbrot	Könnun 2008	Könnun 2009	Könnun 2011
Hlutfall almennings sem segist frekar öruggur eða mjög öruggur í sínu hverfi <i>Eigið hverfi borgara</i>	91,5%	91,6%	90,5%

Tafla 9. Þjónusta vegna afbrota

Þjónusta vegna afbrota	Könnun 2008	Könnun 2009	Könnun 2011
Hlutfall þeirra sem voru ánægðir með þjónustu lögreglunnar ¹	74,3%	79,3%	76,1%

Úttektir, rannsóknir, forvarnir og samstarf

Embættið tók saman upplýsingar um feril kynferðisbrota sem tilkynnt voru lögreglu árið 2008, í samvinnu við lögregluna á höfuðborgarsvæðinu, en samantektin var birt á vef lögreglunnar. Skoðaður var ferill þessara brota og ástæður þess að rannsókn var hætt eða máli vísað frá hjá lögreglu. Þar kom m.a. fram að lögregla hætti rannsókn eða vísaði máli frá í 63% tilvika í nauðgunarmálum sem falla undir 194.1 grein hegningarlaga. Ástæða þessa var í 40% tilvika sú að máli var ekki fylgt eftir af brotapolu og lögregla ákvað í kjölfarið að fylgja málinu ekki eftir og í 30% tilvika var ætlaður gerandi ekki þekktur. Þá var í fimmtungi tilvika talið að sönnunargögn væru ekki nægjanleg.

Að beiðni innanríkisráðuneytisins vann embætti ríkislögreglustjóra skýrslu um embætti lögreglunnar á Íslandi. Þar var horft til fækkunar lögregluembætta úr 15 í átta og safnað saman ýmsum upplýsingum og þær tengdar lýðfræði- og landfræðilega við lögregluembættin. Enn fremur var horft til fjölda lögreglumanna, fjölda ársverka og útgjalda við rekstur embættanna og kannað hvernig störfum héraðslögreglumanna væri háttað hjá embættunum. Enn fremur var fjallað um fjölda brota og þróun þeirra og tekin saman stutt umfjöllun um hvert lögregluembætti þar sem m.a. voru birtar upplýsingar um fjölda lögreglumanna miðað við íbúafjölda og fjölda brota miðað við hvern lögreglumann. Að auki er dregin fram sérstaða embætta, eftir því sem við átti, til að ná fram sem heildstæðastri sýn á aðstæður og þarfir hvers lögregluembættis og fyrirkomulag vakta.

¹ Spurt er um árið á undan.

Forvarnir og samstarf

Starfsmaður stjórnsýslusviðs sat í SAMAN-hópnum líkt og undanfarin ár en þetta samstarf er liður í þátttöku lögreglunnar í forvarnastarfi barna og ungmenna. Hópurinn var stofnaður um áramótin 1999-2000 en í honum sitja fulltrúar ýmissa félagasamtaka, stofnana og sveitarfélaga. Hlutverk hópsins er fyrst og fremst að styrkja og styðja foreldra í uppeldishlutverkinu. Í því felst m.a. að vekja athygli á þeirri hættu sem börnum og unglingum stafar af áfengi, tóbaki og vímuefnum og auka samstarf fólks sem vinnur að forvörnum. Á árinu 2011 sendi hópurinn með ýmsum hætti skilaboð til að minna foreldra á mikilvægi samverustunda með börnum sínum. SAMAN-hópurinn heldur úti vefsíðunni www.samanhopurinn.is.

Ár hvert tekur ríkislögreglustjóri þátt í verkefninu Göngum í skólann. Að þessu sinni var átakanu hrundið af stað í Síðuskóla á Akureyri. Við setningarathöfn verkefnisins töluðu Ólafur B. Thoroddsen, skólastjóri Síðuskóla, Viðar Sigurjónsson, sviðsstjóri fræðslusviðs ÍSÍ, Eiríkur Björn Björgvinsson, bæjarstjóri Akureyrar, sem setti átakið formlega, og Sindri Snær Konráðsson, nemandi í 10. bekk, sem talaði fyrir hönd nemenda. Að setningarathöfninni lokinni gengu allir nemendur skólans um nágrennið með hvatningarspjöld um ágæti þess að ganga í skólann. Þetta er í fimmta sinn sem Íslendingar taka þátt í þessu alþjóðlega samstarfi en það hófst í Bretlandi árið 2000. Heimasíða verkefnisins er www.gongumiskolann.is.

Kennslanefnd og lögreglukerfið

Engin mál komu til úrlausnar kennslanefndar ríkislögreglustjóra á árinu 2011. Tveir fulltrúar kennslanefndar sóttu árlegan fund kennslanefndanna á Norðurlöndum sem að þessu sinni var haldinn í Finnlandi. Þar var m.a. farið yfir það hvernig norska kennslanefndin stóð að verki við greiningu látinna og önnur störf nefndarinnar eftir fjöldamorðin í Osló og Útey á liðnu ári.

Lögreglukerfið og starf vinnuhóps

Starfræktur var vinnuhópur um málaskrárkerfi lögreglunnar á árinu 2011 líkt og síðustu ár. Hópurinn hittist reglulega en hlutverk hans er að vera ráðgefandi um breytingar á málaskrárkerfinu og fylgjast með að rétt sé skráð í kerfið. Að hópnum standa starfsmenn frá embætti ríkislögreglustjóra, lögreglunni á höfuðborgarsvæðinu, lögreglunni á Suðurnesjum, ríkissaksóknara og sérstökum saksóknara.

Fíkniefna- og sprengjuleitarhundar



Á árinu var lögð áhersla á að halda uppi þeim gæðum í starfi sínu sem náðst hafa á undanförunum árum. Þau markmið sem stefnt var að hafa flest náðst og tímamörk hafa staðist. Teymið vann ötullega að eftirliti og fíkniefnalöggæslu hjá lögregluembættum og kom að eftirliti og fíkniefnalöggæslu á flestum bæjar- og útihátíðum á landinu á árinu og eftir atvikum öðru skemmtanahaldi og löggæsluverkefnum. Unnið var að því að styrkja skipulag og starfsemi teymisins með þau viðmið sem sett hafa verið að leiðarljósi. Það hefur m.a. verið gert með þjálfun nýrra hunda, grunn- og viðhaldsþjálfun og úttektum. Þá átti teymið náð og gott samstarf við Fangelsismálastofnun og tollgæsluna.

Sameiginlegar æfingar

Á árinu 2011 voru haldnar nokkrar sameiginlegar æfingar þar sem hundþjálfarar hittust og æfðu hunda sína. Ein stór æfing var haldin þar sem allir þjálfarar lögreglunnar mættu, auk þjálfara Fangelsismálastofnunar. Æfingin stóð í þrjá daga í Vestmannaeyjum. Keppt var í fíkniefnaleit svipað og tíðkast í öðrum löndum. Sigurvegarar í þetta skiptið voru Heiðar Hinriksson og Luna frá lögreglunni í Vestmannaeyjum og Guðjón Smári Guðjónsson og Buster frá lögreglunni á Selfossi.

Samstarf við erlendar löggæslustofnanir

Yfirhundapjálfari hjá ríkislögreglustjóra hefur verið í góðum tengslum við hundaskóla lögreglu í öðrum löndum enda afar mikilvægt að vera í góðu sambandi við aðrar þjóðir til að tryggja að ávallt sé fylgt ítrustu gæðakröfum og fylgst sé með nýjungum í faginu. Í Englandi aðstoðaði yfirhundapjálfari við kennslu á námskeiði fyrir sprengjuleitarhunda lögreglunnar í London. Þá er komið á gott samband við stjórnendur lögregluhundaskólanna á meginlandi Evrópu, t.d. í Belgíu og Hollandi, sem og í Vín í Austurríki.

Í desember sótti yfirhundapjálfari ráðstefnu fyrir stjórnendur hundaskóla og þjálfunarmiðstöðva lögreglu í Evrópu. Þar voru ræddir möguleikar á nánara samstarfi Evrópuþjóðanna varðandi þjálfun lögregluhunda og gerð sameiginlegra reglna um þá. Á ráðstefnunni kom fram að Frontex (Landamærastofnun EU) hafði lagt af stað með álíka verkefni og þetta og var ákveðið á ráðstefnunni að Evrópuþjóðirnar tækju upp samstarf við Frontex m.a. til að nýta þá miklu undirbúningsvinnu sem þar hefði verið unnin. Embætti frönsku ríkislögreglunnar hafði veg og vanda af móttöku gestanna og stærsti hundaskóli frönsku lögreglunnar var m.a. heimsóttur en sá skóli er til húsa á sama stað og yfirmannaskóli lögreglunnar. Þar var fundað með yfirmönnum skólans og síðan var sýnt hvernig sprengju- og fíkniefnaleitarhundar í skólanum vinna og sett upp æfing þar sem valdbeitingarhundar voru notaðir. Óskað hefur verið eftir að yfirhundapjálfari ríkislögreglustjóra taki þátt í undirbúningi að gerð reglna fyrir lögregluhunda í Evrópusambandslöndunum.

Sprengjuleitarhundur

Á árinu var sprengjuleitarhundur fyrir sérsveit ríkislögreglustjóra þjálfaður. Sá hundur fékk nafnið Klettur og er hann úr góðri vinnuhundaræktun. Þjálfun sprengjuleitarhunds er talsvert umfangsmeiri en þjálfun fíkniefnaleitarhunda en þó í grunninn eins. Engu að síður þarf sprengjuleitarhundurinn að læra á fleiri tegundir efna og leitin þarf að vera eins fullkomin og kostur er. Sprengjuleitarþjálfunin krefst mjög mikils bæði af hundinum sjálfum og þjálfara hans hvað varðar aga, leitarþjálfun og skipulagningu leitar. Klettur fékk stranga þjálfun hjá yfirhundapjálfa þar sem hann lærði að leita að átta tegundum sprengiefna, auk þess sem honum var kennd hlýðni og annað er snýr að þjálfun leitarhunda. Þá var fundinn þjálfari úr röðum sérsveitar ríkislögreglustjóra til að taka við hundinum og nú er teymið tilbúið til starfa.

Umferðarlöggæsla

Á árinu 2011 voru fjárveitingar fyrir sérstakt umferðareftirlit og sjálfvirkt hraðæftirlit skornar niður á sama hátt og árið á undan. Til málaflokksins var ráðstafað 47 milljónum króna sem skiptast þannig að 14 milljónir fóru í sjálfvirkt

hraðaeftirlit en 33 milljónir í sérstakt umferðareftirlit. Skipulagning á verkefninu var í samræmi við umferðaröryggisáætlun, sem er hluti af samgönguáætlun Alþingis. Ekki var fjármagn til að halda úti skipulögðu ölvunareftirliti árið 2011. Eftir að dregið var úr fjármagni til umferðarmála hefur skráðum brotum vegna ölvunaraksturs fækkað verulega. Til að mynda voru brotin 1.450 að tölu árið 2009, 1.293 árið 2010 og 1.150 árið 2011.² Frá árinu 2009 til ársins 2011 fækkaði skráðum brotum í þessum málaflokki því um tæp 21%.

Hraðaeftirliti var haldið úti sumarið 2011. Við það eftirlit var hraðakstur sérstaklega vaktaður en jafnframt voru gerðar athugasemdir við önnur umferðarlagabrot sem uppgötvuðust í eftirlitinu. Alls voru brotin 2.132, þar af 1.641 vegna hraðaksturs. Ljósanotkun var ábótavant 184 tilvikum og önnur brot sem leiddu af eftirlitinu voru 307. Alls tóku 13 lögregluembætti af 15 þátt í eftirlitinu.

Stafrænar hraðamyndavélar

Skráð voru 13.238 hraðakstursbrot með stafrænum hraðamyndavélum á árinu 2011, og eru það færri brot en árið á undan, en þá voru brotin 22.322. Þetta nemur 40,7% fækkun frá árinu áður. Að meðaltali voru hraðakstursbrot 36 á dag allt árið. Á árinu voru 15 stafrænar hraðamyndavélar virkar en fyrstu vélarnar voru settar upp í júlí 2007 og hafa því verið virkar í 4½ ár. Hraðamyndavélum hefur fjölgað en á árinu 2011 var fimm hraðamyndavélum, í Bolungarvíkurgöngum og Héðinsfjarðargöngum, bætt við þær sem fyrir voru. Flest brotin áttu sér stað í Hvalfjarðargöngum, eða 37%. Brot eru tíðust á sumrin, frá maí til ágúst, en þá voru þau 56% af heildarfjölda. Sá ökumaður sem ók hraðast samkvæmt skráningu hraðamyndavélar var á 177 km hraða í Hvalfjarðargöngunum en þar er hámarkshraði 70 km/klst. Tæplega 73% sekta höfðu þegar verið greidd en það eru hlutfallslega færri sektir en undanfarin ár.

² Athugið að tölur fyrir árið 2011 eru bráðabirgðatölur.

Skatta- og efnahagsbrotadeild

Þann 1. september 2011 sameinuðust efnahagsbrotadeild ríkislögreglustjóra og embætti sérstaks saksóknara. Það gerðist við gildistöku laga nr. 82 frá 23. júní 2011 um breytingu á lögum um embætti sérstaks saksóknara, nr. 135/2008, með síðari breytingum. Jafnframt var rannsóknardeild ríkislögreglustjóra, sem rannsakaði skatta- og efnahagsbrot, lögð niður. Þá fluttist ákærvald og þar með saksókn þeirra mála sem þegar sæta ákærumeðferð fyrir dómstólum af hálfu ríkislögreglustjóra frá embætti ríkislögreglustjóra til embættis sérstaks saksóknara. Ríkislögreglustjóri mun, þar til annað verður ákveðið, áfram annast móttöku tilkynninga á grundvelli laga um aðgerðir gegn peningþvætti og fjármögnun hryðjuverka.

Mál sem fluttust til sérstaks saksóknara

Af hálfu ríkislögreglustjóra fór fram mikil undirbúningsvinna vegna sameiningarinnar og á þessum tímamótum má telja að málastaða efnahagsbrotadeildarinnar hafi verið góð. Alls fluttust 85 mál frá deildinni til embættis sérstaks saksóknara. Af þeim voru 79 til meðferðar í deildinni og sex fyrir dómstólum. Í meðfylgjandi töflum má sjá um hvers konar mál var að ræða, sakarefni, tímamót sem liðin var frá kæru og stöðu málsins í kerfinu:

Tafla 10. Tegund mála sem fluttust til sérstaks saksóknara

Tegund máls ³	Hjá efnahagsbrotadeild	Fyrir dómstólum
Brot á lögum um gjaldeyrismál	19	0
Brot á samkeppnislögum	1	0
Fjárdráttur	12	0
Fjársvik	6	1
Skilasvik	5	1
Skjalafals	1	0
Skattalagabrot	30	3
Umboðssvik	2	1
Verðbréf, lög um verðbréfaskipti	3	0
Samtals	79	6

³ Tegund/heiti máls tekur mið af kæru en getur breyst við rannsókn og/eða ákærumeðferð. Hvert mál getur varðað fleiri brotaflokkum en einn.

Tafla 11. Ártal kæru mála sem fluttust til sérstaks saksóknara

Ártal kæru	Hjá efnahagsbrotadeild	Fyrir dómstólum
2004	0	1
2005	0	1
2006	0	1
2007	0	1
2008	2	0
2009	9	2
2010	23	0
2011	45	0
Samtals	79	6

Fjárveitingar og starfsmenn

Fjárveitingar til efnahagsbrotadeildarinnar færðust frá ríkislögreglustjóra til embættis sérstaks saksóknara og námu þær alls um 124 mkr. á ársgrundvelli. Rekstrarfé ríkislögreglustjóra dregst saman sem þessu nemur en á undanförunum árum hefur verið skorið niður í rekstri ríkislögreglustjóra um samtals 27%. Þessi tilflutningur fjárheimilda kemur þar til viðbótar. Auk þeirra starfsmanna sem á undanförunum árum hafa flust frá ríkislögreglustjóra til embættis sérstaks saksóknara, fluttust 14 stöðugildi þangað á árinu 2011.